



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2014 (44. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 26.09.2014 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar - kynning á stöðu vinnunnar

Til fundarins mætti Sigbjörn Kjartansson, arkitekt, frá Glámu-Kím og kynnti hann stöðu vinnunnar við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar. Í upphafi voru til skoðunar 8 valkostir um legu flugbrauta en nú hefur verið valinn einn kostur sem unnið er með. Farið var yfir mörg önnur atriði aðalskipulagsins og þau rædd ítarlega.

Gert er ráð fyrir að unnt verði að auglýsa aðalskipulagið í febrúar 2015 og staðfesting þess verði í maí 2015 ef allar áætlanir ganga eftir.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar - óveruleg breyting vegna göngu- og hjólastígs

Kynnt voru viðbrögð sveitarfélaga og Vegagerðarinnar við gerð göngu- og hjólastígs frá Flugstöðinni í átt til Reykjanesbæjar. Ekki hafa allar umsagnir borist enn. Málið mun koma aftur fyrir nefndina á næsta fundi.

3. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður fimmtudaginn 30.10.2014.

Fleira ekki gert, fundi slitið.